



Úttekt á starfsemi Sjálandsskóla fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

FRAMKVÆMT AF BSI Á ÍSLANDI EHF.

Reykjavík, maí 2010

SJÁLANDS  SKÓLI

BSI Á ÍSLANDI EHF
Skúlagötu 19
101 Reykjavík
www.bsiaislandi.is

Samantekt

Markmið úttektarinnar var að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá.

Áherslur úttektar voru á:

- Stjórnun
- Skipulag kennslu
- Námskröfur
- Fyrirkomulag námsmats
- Hvernig þróunarverkefnið „samkennsla árganga og nán samvinna kennara“ hefur haft áhrif á starfsemi skólans
- Hvernig innra mat nýtist til umbóta
- Hvernig mat og eftirlit sveitarfélags nýtist skólanum

Niðurstöður matsins eru eftirfarandi:

- Skólinn starfar samkvæmt lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Engin stór frávik fundust frá lögum, reglugerðum og aðalnámskrá, en sjö frávik fundust er varða lög og reglugerðir þar sem gögn vantaði að hluta eða höfðu ekki verið uppfærð.
- Vel er staðið að stjórnun og skipulagi kennslu við Sjálandsskóla.
- Námskröfur eru skýrar og fyrirkomulag námsmats er gott.
- Þróunarverkefni skólans varðandi samkennslu árganga og nána samvinnu kennara reynist vel og hefur haft góð áhrif á starfsemi skólans.
- Innra mat skólans hefur nýst til umbóta
- Formlegt mat sveitarfélags hefur ekki farið fram.

Í úttektinni á starfsemi Sjálandsskóla eru einnig gerðar þrjár athugasemdir sem gætu leitt til frávika og fimm tækifæri sem geta stuðlað að umbótum.

Efnisyfirlit

Samantekt.....	2
Efnisyfirlit	3
1 Umfang úttektar	4
1.1 Sjálandsskóli.....	4
1.2 Markmið og áherslur úttektar	5
1.3 Aðferð við úttekt.....	5
2 Lýsing og niðurstöður.....	7
2.1 Stjórnun	7
2.2 Skipulag kennslu.....	11
2.3 Námskröfur	14
2.4 Fyrirkomulag námsmats.....	15
2.5 Áhrif þróunarverkefnis á starfsemi skólans	16
2.6 Innra mat og umbætur	17
2.7 Mat og eftirlit sveitarfélags	17
3 Styrkleikar og veikleikar	18
3.1 Styrkleikar	18
3.2 Veikleikar	18
4 Umbætur	19
Fylgiskjal 1 – Gagnalisti*	22
5 Viðauki 1 - Gildandi lög og reglugerðir	23

1 Umfang úttektar

1.1 Sjálandsskóli

Sjálandsskóli í Garðabæ tók til starfa haustið 2005. Sjálandsskóli er einsetinn grunnskóli fyrir nemendur í 1.-9. bekk skólaárið 2009-2010. Nærhverfi skólans eru Sjáland, Ásar, Grundir og Nes og markast það að Hafnarfjarðarvegi í suður, Gálgahrauni í vestur, Arnarnesvogi í norður og Kópavogi í austur.

Skólabyggingin er opnuð klukkan 7.30 en skóladagurinn hefst kl. 8:15. Kennslu lýkur hjá öllum nemendum klukkan 14:05. Skóladagurinn er jafn langur hjá öllum nemendum. Eftir að skóladegi lýkur býðst nemendum lengd viðvera sem er starfrækt af tómstundaheimili skólans sem heitir Sælukot.

Við skólann er opið kennslurými fyrir almenna kennslu auk hefðbundinna verkgreinastofa. Tónlistarskóli Garðabæjar er staðsettur í skólanum. Þá eru sundlaug, íþróttasalur og danssalur sem einnig eru nýtt af eldri borgurum Garðabæjar.

Í skólanum voru 237 nemendur í september 2009. Skipting nemenda í árganga var með eftirfarandi hætti:

- Í 1.-2. bekk er samkennt í þremur umsjónarhópum alls 51 nemandi.
- Í 3.-4. bekk er samkennt í þremur umsjónarhópum, alls 55 nemendur.
- Í 5.-6. bekk er samkennt í þremur umsjónarhópum, alls 62 nemendur.
- Í 7. bekk er kennt í einum umsjónarhóp. alls 25 nemendur.
- Í 8. bekk er kennt í einum umsjónarhóp, alls 22 nemendur.
- Í 9. bekk er kennt í einum umsjónarhóp, alls 22 nemendur.

Við skólann og tómstundaheimili starfa 49 starfsmenn: skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og 26 menntaðir kennarar og aðrir starfsmenn. Engar deildarstjórástöður eru við skólann.

Þá eru að auki 45 nemendur í Alþjóðaskólanum sem er starfræktur í húsnæði skólans.

1.2 Markmið og áherslur úttektar

Markmið úttektarinnar var að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum¹ og aðalnámskrá.

Áherslur úttektar eru á:

- Stjórnun
- Skipulag kennslu
- Námskröfur
- Fyrirkomulag námsmats
- Hvernig þróunarverkefnið „samkennsla árganga og nán samvinna kennara“ hefur haft áhrif á starfsemi skólans
- Hvernig innra mat nýtist til umbóta
- Hvernig mat og eftirlit sveitarfélags nýtist skólanum

1.3 Aðferð við úttekt

Úttektarmenn og aðferð

Úttektarmenn BSI á Íslandi voru Einar Baldvinsson og Örn Alexandersson M.ed. Stuðst var við aðferðafræði úttekta á stjórnkerfum fyrirtækja og stofnana sem felur í sér staðreyndabundna nálgun þ.e.a.s. að sannreyna að gögn sem krafist er að séu til staðar. Við samantekt krafna var farið yfir lög, reglugerðir og aðalnámskrá og útbúinn gátlisti fyrir rýni fyrirbyggjandi gagna. Þar sem nánari skýringa var þörf var slíkt sannreynt í viðtölum og með úttekt á vettvangi. Niðurstöður úttektarinnar byggja því á rýni fyrirbyggjandi gagna² tengdum starfsemi skólans, viðtölum og úttekt á vettvangi þann 15. apríl 2010.

Hugtök vegna flokkunar umbóta

Stórt frávik: Engin gögn sem sýna fram á að kröfum laga, reglugerða eða aðalnámskrár sé framfylgt.

Frávik: Gögn eru að stærstum hluta til staðar og kröfur laga, reglugerða eða aðalnámskrár eru uppfylltar. Gögn vantar að hluta eða hafa ekki verið uppfærð.

¹ Viðauki 1 - Gildandi lög og reglugerðir

² Fylgiskjal 1 - Gagnalisti

Athugasemd: Atriði sem leitt geta til frávika og þarfnast lagfæringar.

Tækifæri: Atriði sem geta stuðlað að umbótum.

Rýni gagna

Gögn voru rýnd samkvæmt kröfum laga og reglugerða. Varðandi aðalnámskrá var stuðst við handahófskennt úrtak.

Þátttakendur

Tekin voru viðtöl á vettvangi við skólastjóra, fulltrúa kennara, fulltrúa annars starfsfólks, nemenda, foreldra, skólaráðs og fulltrúa úr skólanefnd sveitarfélagsins.

- Að kennarar beiti fjölbreyttum kennsluaðferðum.
- Að nemendur læri að axla ábyrgð á eigin gjörðum, hjálpa öðrum og sýna sjálfum sér og umhverfi sínu virðingu.
- Að útikennsla, lýðræðisleg vinnubrögð, sköpun og tjáning sé samofin öllu skólastarfinu.
- Að nemendur fái fjölbreytt tækifæri til þess láta vonir sínar og væntingar rætast í námi og leik.

Skólahúsnæði Sjúalandsskóla er hannað með það í huga að skólastarfið sé sveigjanlegt. Í starfinu er bæði lögð áhersla á einstaklingsmiðað skólastarf og samvinnu nemenda.

Áherslur skólans eru eftirfarandi:

- Einstaklingsmiðað skólastarf
- Velliðan allra
- Lýðræðisleg vinnubrögð
- Fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir
- Náin tengsl skóla, umhverfis og grenndarsamfélags
- Útikennsla
- Öflugt samstarf heimilis og skóla
- Vinna samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla

Þá hefur Sjúalandsskóli að auki sett sér eftirfarandi stefnur: Heilsustefnu Sjúalandsskóla, heilsustefnu starfsmanna, starfsmannastefnu, forvarnarstefnu og umhverfisstefnu.

Í skólanum er unnið samkvæmt eftirfarandi áætlunum:

- Starfsáætlun skólans 2009-2010 (sbr. 29. gr. laga nr. 91/2008)
- Starfsáætlun skólaráðs 2009-2010 (sbr. 4. gr. reglug. nr. 1157/2008)
- Jafnréttisáætlun (sbr. 18. gr. laga nr. 10/2008)
- Sjálfsmatsáætlun 2008-2012 (sbr. 36. gr. laga nr. 91/2008)
- Símenntunaráætlun 2009 -2010 (sbr. 12. gr. laga nr. 91/2008)

Eftirfarandi viðbragðsáætlanir eru við skólann:

- Eineltisáætlun
- Rýmingaráætlun

- Áfallaáætlun
- Óveðursáætlun
- Móttökuáætlun fyrir erlenda nemendur (sbr. 16. gr. laga nr. 91/2008)
- Viðbrögð ef barn týnist í vettvangsferðum

Skólareglur og verklagsregla vegna hegðunar og samskiptavanda nemenda liggja fyrir (sbr. 30. gr. laga nr. 91/2008)

Þá hafa eftirfarandi reglur verið settar af skólanum um eftirfarandi hluti:

- Starfsreglur við notkun almenningsvagna
- Reglur um meðferð slysa sem verða á nemendum
- Starfsreglur skólaráðs Sjálandsskóla
- Umgengisreglur í Sjálandsskóla – minnisblað starfsmanna

Eftirfarandi viðmið hafa verið sett fyrir skólann:

- Viðmið skólastjóra Sjálandsskóla um ráðstöfun vinnutíma kennara Sjálandsskóla skólaárið 2009-2010
- Lágmarksviðmið í raddlestri
- Viðmið fyrir sjálfsmat

Þá eru skimanir og athuganir gerðar í upphafi skólagöngu. (sbr. 40 gr. laga nr. 91/2008)

Við skólann eru eftirfarandi ráð og nefndir:

- Skólaráð (sbr. 8. gr. laga nr. 91/2008)
- Nemendaverndarráð (sbr. 40. gr. laga nr. 91/2008)
- Nemendaráð (sbr. 10. gr. laga nr. 91/2008)
- Foreldrafélag (sbr. 9. gr. laga nr. 91/2008)

Við skólann starfar lausnateymi. Til teymisins er hægt að leita með formlegum hætti ef kennarar eða starfsmenn skólans telja sig ekki geta unnið úr vandamálum nemenda. Lausnarteymið aðstoðar við úrlausn vandamála eða sendir áfram s.s. til nemendaverndarráðs ef um alvarlegt frávík er að ræða.

Starfslýsingar eru fyrirbyggjandi. Sérkennsla er í boði, náms- og starfsráðgjafi í 50% starfi, talmeinafræðingur og tveir þroskþjálfar. Þá er heilsugæsla og sálfræðiþjónusta í boði. Mötuneyti er fyrir nemendur, sem og tómstundaheimilið Sælukot og tónlistarskóli Garðabæjar hefur aðstöðu í skólanum.

Kennarafundir eru haldnir vikulega þar sem m.a. er farið yfir starfsáætlun og starfsmannafundir eru haldnir eftir þörfum. Ritari skólans skráir fundargerðir.

Af ofangreindri lýsingu á stjórnun og stjórnækjum skólans, sem ekki er tæmandi, má ljóst vera að stjórnun Sjálandsskóla er góð og í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá. Margt er einnig betur gert en krafist er í lögum, reglugerðum eða aðalnámskrá. Þá hefur ýmislegt sem stuðlar að öflugum og árangursríku skólastarfi verið fest í sessi á stuttum starfstíma skólans. Í niðurstöðum foreldrakannana sem gerðar hafa verið í skólanum hefur verið almenn ánægja með stjórnun skólans eins og þessi meðaltöl segja til um:

- Árin 2005-2007 var meðaltalið 4,56 (af 5 mögulegum)
- Árið 2008 var meðaltalið 4,36
- Árið 2009 var meðaltalið 4,32.

Viðmið skólans er 4,2, en allt þar fyrir ofan er talið til styrkleika skólans eins fjallað er nánar um í kafla 2.6 - Innra mat og umbætur.

2.2 Skipulag kennslu

Skólahúsnæði Sjúlandsskóla er opið og sveigjanlegt. Í stað hefðbundinna kennslustofa er sameiginlegt vinnusvæði fyrir 60 – 80 nemendur úr einum eða fleiri árgöngum sem starfa í 3-5 umsjónarhópum. Húsnæðinu er skipt niður í mismunandi vinnusvæði þar sem nemendur geta bæði unnið í stórum hópum, litlum hópum eða einir. Opið er á milli flestra vinnustöðva en mögulegt er að komast í lokuð rými. Nemendur eru þjálfaðir í að finna út hvaða námsaðstæður henta þeim best. Þetta fyrirkomulag býður upp á fjölbreytt hópastarf, margvíslegar starfsaðstæður og samstarf.

Vegna áherslu skólans á samþættingu námsgreina (þemanám) er lítið um námsgreinabundna kennslu og skipting vinnu að námsmarkmiðum milli umsjónarkennara og sérgreinkennara töluverð. Umsjónarkennarar skipuleggja alla jafna nám í heimilisfræði, íslensku, lífsleikni, náttúrufræði og umhverfismennt, samfélagsgreinum og kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði, stærðfræði, upplýsinga- og tæknimennt samkvæmt markmiðum aðalnámskrár. Í öllum árgöngum skipuleggja sérgreinakennarar nám í dönsku, ensku, hönnun og smíði, íþróttum, líkams- og heilsurækt og listgreinum.

Sjúlandsskóli fékk undanþágu frá menntamálaráðuneyti tímabundið árið 2006 til þess að víkja frá viðmiðunarstundaskrá grunnskóla til þriggja ára. Um var að ræða þróunarverkefni sem m.a. fól í sér áherslu á samkennslu árganga og nána samvinnu kennara. Fjallað er nánar um mat á þróunarverkefninu í kafla 2.5.

Skólinn uppfyllir nú vikulegan kennslutíma sbr. 28. gr. grunnskólalaga og gott betur á eftirfarandi hátt:

- 1.-4. bekkur 1400 mínútur (1200 skv. lögum nr. 91/2008)
- 5.-7. bekkur 1400 mínútur (1400 skv. lögum nr. 91/2008)
- 8.-9. bekkur 1500 mínútur (1480 skv. lögum nr. 91/2008)

Hver kennslustund er 60 mínútur hjá nemendum í 1.-7. bekk og skiptir þá ekki máli að hvaða fagi er unnið. Í 8. og 9. bekk eru kennslustundir ýmist 45 eða 60 mínútur. Skipting námsgreina er mismunandi eftir tímabilum.

Klukkustundir hjá umsjónarkennara eru u.þ.b. 14 en aðrar stundir eru hjá sérgreinakennurum.

Umsjónarkennarar skipta námsárinu upp í tímabil (lotur) sem eru tileinkuð tilteknu þema. Þessar lotur eru mislangar allt frá einni viku til fimm vikna. Flest þemu eru á einhvern hátt samstarfsverkefni umsjónarkennara og sérgreinakennara.

Hver lota á sér skýran ramma. Í upphafi fá nemendur og foreldrar í hendur yfirlitsblað (bestablaðið) um þemað þar sem tilgreind eru helstu markmið, viðfangsefni, námsefni og námsmat. Í lok þemans fá nemendur og foreldrar mat á frammistöðu nemandans.

Námsáætlanir (þemu) eru geymd á Mentor. Í Mentor er hægt að tengja námsáætlanir þrepamarkmiðum úr aðalnámskrá. Tilgreind eru markmið, námsgögn, kennsluaðferðir og námsmat. Með geymslu námsáætlana í Mentor hefur orðið til verkefnabanki sem hægt er að endurnýta og þróa áfram þau verkefni sem hafa heppnast vel.

Unnið er út frá hugmyndum hugsmíðahyggju og hugmyndum um einstaklingsmiðað nám. Stuðst er við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, leikir, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna eru þær aðferðir sem helst eru notaðar. Hver hópur í 1.-7. bekk er með einn útikennsludag í hverri viku. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér sjálfstæði í vinnubrögðum og taki þátt í að skipuleggja námið. Unnið er út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið skipulagt út frá þeim. Nemendur læra að þekkja eigin námsstíl og kennari aðstoðar við að skapa hverjum nemandi aðstæður sem hæfa.

Fastir liðir í skólastarfinu eru m.a. eftirfarandi; morgunsöngur á hverjum degi hjá 1.-7. bekk, gróðursetningardagur, 1. desember - Fullveldisdagurinn, Dagur íslenskrar tungu, upplestrarkeppni, stærðfræðidagurinn, íþróttadagar, vetrarferð í Bláfjöll, öskudagsgleði, umhverfisdagurinn, Lionshlaupinu og Unicefhlaupinu, innilega – útilega í skólanum, fjallganga og jólaskemmtanir.

Þá hefur skólinn með ötulum hætti tekið þátt í lífsgæðaverkefnum Lýðheilsstöðvar, t.d. Lífshlaupinu og Hjólað í vinnuna.

Eins og fram kemur hér að ofan hefur þemanám verið fest sessi í skólastarfinu sem og aðrir fastir liðir þrátt fyrir ungan aldur skólans. Þetta hefur m.a. verið gert í gegnum þróunarverkefni þar sem áhersla var lögð á samkenndu árganga og nána samvinnu kennara. Í könnunum frá árinu 2009 var m.a. spurt um hvort viðfangsefni samvinnu kennara og námsgögn væru fjölbreytt. Í svörum foreldra var meðaltalið 4,27 (af 5 mögulegum), hjá nemendum 4,00 og hjá kennurum 4,18. Þegar á heildina er litið er skipulag kenndu við Sjálandsskóla gott.

2.3 Námskröfur

Aðalnámskrá grunnskóla er lögð til grundvallar starfi í Sjálandsskóla eins og fram kemur í skólanámskrá skólans. Við skipulag náms eru námsmarkmið aðalnámskrár í öllum greinum höfð til viðmiðunar. Eins og fram hefur komið eru þemaverkefni útbúin í Mentor þar sem hægt er að tengja þau þrepamarkmiðum aðalnámskrár. Við Sjálandsskóla eru kenndar eftirfarandi námsgreinar:

- Danska er kennd frá 7. bekk.
- Enska er kennd frá 1. bekk .
- Heimilisfræði er kennd frá 1. bekk.
- Hönnun og smíði er kennd frá 1. bekk.
- Íslenska er kennd frá 1. bekk.
- Íþróttir, líkams- og heilsurækt (sund) er kennd frá 1. bekk.
- Listgreinar eru kenndar frá 1. bekk.
- Lífsleikni er kennd frá 1. bekk.
- Náttúrufræði og umhverfismennt er kennd frá 1. bekk.
- Samfélagsgreinar, kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði eru kenndar frá 1. bekk.
- Stærðfræði er kennd frá 1. bekk.
- Upplýsinga- og tæknimennt er kennd frá 1. bekk.

Námskröfur varðandi heimanám eru að allir nemendur lesi heima í 20 mínútur á dag (í hljóði og upphátt), alla daga ársins og foreldrar lesi líka fyrir börn sín á hverjum degi, í það minnsta fyrir nemendur í 1.-4. bekk. Þá vinna nemendur einnig verkefni heima sem lúta að heimilisfræði og heimilishaldi, sérstaklega í svokölluðum heimilisvikum. Nemendur í 1.-6. bekk vinna öðru hvoru verkefni sem tengja saman heimili og skóla. Nemendur í 7. og 8. bekk fá verkefnaskammt ef vinnudagurinn í skóla dugar þeim ekki og eins ef þeir vilja hraða sér í námi.

Námskröfur eru skýrar við Sjálandsskóla og eru foreldrar t.d. vel upplýstir um kröfur og mat þemaverkefna. Í foreldrakönnun skólans árið 2009 var spurt hvort námslegar kröfur væru hæfilegar. Meðaltal niðurstaðna var 4,57 (af 5 mögulegum) sem fellur undir styrkleika samkvæmt viðmiðum skólans.

2.4 Fyrirkomulag námsmats

Í skólanámskrá segir um námsmat að þar sé átt við öflun upplýsinga um námsárangur og framvindu náms einstakra nemenda. Tilgangur námsmatsins er að auka gæði náms, kennslu og skólastarfs. Í Sjálandsskóla er lögð áhersla á alhliða námsmat, byggt á fjölbreyttum matsverkefnum bæði með sjálfsmati nemenda og stöðluðu mati. Matið byggir á þeim markmiðum sem lögð eru til grundvallar í námi nemenda og viðfangsefnum þeirra t.d. í þemaverkefnum. Gögnum um námsframvindu nemenda er safnað jafnt og þétt yfir árið í námsmöppu. Námsmappa er til sérstakrar umfjöllunar á foreldraviðtalsdögum.

Í viðtölum við foreldra kom fram ánægja með þemaverkefni skólans þar sem þeir fengu upplýsingar um markmið þeirra, námsgögn, kennsluaðferðir og námsmat.

Til upplýsingar er hér samantekt á meðaltölum samræmdra prófa fyrir Sjálandsskóla frá 2006-2009. Samantektin segir ekki allt um gæði skólastarfsins þar sem margir mismunandi þættir hafa áhrif á námsárangur nemenda.

Íslenska	4. bekkur	2006	2007	2008	2009	Meðaltal öll árin
	Landsmeðaltal	30	30	30	30	
	Fjöldi nemenda	19	31	15	33	
	Meðaltal	31,5	27,5	32,8	33,4	31,3
Stærðfræði	4. bekkur	2006	2007	2008	2009	
	Landsmeðaltal	30	30	30,1	30	
	Fjöldi nemenda	20	31	15	32	
	Meðaltal	30,2	28	34,9	32,5	31,4

Íslenska	7. bekkur	2006	2007	2008	2009	
	Landsmeðaltal	30	30	30	30	
	Fjöldi nemenda	10	32	16	24	
	Meðaltal	24,7	32,7	29,7	31	29,525
Stærðfræði	7. bekkur	2006	2007	2008	2009	
	Landsmeðaltal	30	30	30,1	30	
	Fjöldi nemenda	10	32	16	14	
	Meðaltal	23,8	32,9	33,1	27,8	29,4

Þar sem skólinn hefur enn ekki útskrifað nemendur úr 10. bekk hefur hann ekki útbúið skírteini skv. 31. gr. grunnskólalaga.

Í viðhorfskönnun foreldra frá 2009 eru niðurstöður hvað varða námsmatsmöppu skólans mjög góðar eða 4,41 (af 5 mögulegum) sem telst til styrkleika skólans. Það sama kom fram í viðtölum við foreldra og því má álykta að fyrirkomulag námsmats við Sjálandsskóla sé gott.

2.5 Áhrif þróunarverkefnis á starfsemi skólans

Þróunarverkefni skólans; samkenntla árganga og nán samvinna kennara hefur þróast í þá veru sem fram kemur í köflunum; Skipulag kenntslu, Námskröfur og Fyrirkomulag námsmats. Eins og þar kemur fram hefur þróunarverkefni skólans; samkenntla árganga og nán samvinna kennara verið fest í sessi m.a. með þemaverkefnum nemenda.

Ein af kjölfestum þróunarverkefnisins var sérsamningur sveitarfélagsins við kennara skólans. Í stórum dráttum gengur samningurinn út á það að koma á hliðstæðu vinnutímaákvæði og gildir hjá öðrum háskólamenntuðum starfsmönnum þ.e. á tímabilinu kl. 8:00 til 17:00 og innan þeirra tímamarka rúmist öll vinnuskylda kennara (kenntsla, undirbúningstími, verkstjórnartími og tími vegna símenntunar). Almenn ánægja hefur verið af hálfu kennara með samninginn en að sögn kennara hefur þó verið gengið á launalið samningsins vegna ástandsins í þjóðfélaginu.

Þróunarverkefnið; samkenntla árganga og nán samvinna kennara hefur reynst skólanum vel og hefur haft góð áhrif á starfsemi skólans.

2.6 Innra mat og umbætur

Kerfisbundið sjálfsmat hefur farið fram í Sjúalandsskóla. Sjálfsmatsaðferðir skólans eru enn í þróun en búið er að festa í sessi ákveðna hluta þess. Kannanir hafa t.d. verið lagðar fyrir foreldra með reglubundnum hætti og hefur skólinn sett sér viðmið varðandi niðurstöður sem skiptast í þrjú flokka: styrkleikabil (4,2 -5), starfhæft bil (3,7 – 4,19) og aðgerðabil (0 - 3,69). Það síðastnefnda segir til um að umbóta sé þörf strax en starfhæft bil að umbóta sé þörf. Samkvæmt niðurstöðum af 62 spurningum sem lagðar voru fyrir árið 2009 reyndust 30 þeirra falla undir styrkleikabil, 30 undir starfhæft bil og tvær undir aðgerðabil. Auðvelt er því að nýta niðurstöðurnar til umbóta.

Í viðtölum okkar kom fram að unnið er með niðurstöður sjálfsmatsins til umbóta.

2.7 Mat og eftirlit sveitarfélags

Skólanefnd Garðabæjar vinnur samkvæmt meginhlutverki 6. gr. laga nr. 91/2008. Skólastefna var mótuð fyrir sveitarfélagið fyrir árin 2006-2009. Samþykkt liggur fyrir um endurskoðun á henni. Í skólastefnunni eru sett fram markmið fyrir skólastarfið. Ekki hefur farið fram formlegt mat (úttekt) af hálfu sveitarfélagsins á því hvort að markmiðum skólastefnunnar hafi verið náð eða hvort skólar sveitarfélagsins fylgi henni.

Ytra mat sveitarfélags hefur því ekki verið formlega fest í sessi en eftirliti er þannig háttað að haldnir eru fundir með skólastjórnendum einu sinni í mánuði og farið í heimsóknir. Þá er fylgst með starfsemi skólanna m.a. í gegnum skólaráð og foreldrafélag. Einnig eru gerðar kannanir reglulega meðal íbúa sveitarfélagsins sem m.a. eru nýttar til að stuðla að umbótum í skólastarfi.

3 Styrkleikar og veikleikar

3.1 Styrkleikar

Helsti styrkleiki skólans er öflugt og metnaðarfullt innra starf, þar sem starfsmenn leggja metnað sinn í að koma sem best til móts við þarfir nemenda. Þar hefur sérsamningur við kennara sem gerður var í tengslum við þróunarverkefni skólans um ákveðinn sveigjanleika haft mikið að segja. Sá samningur er enn í gildi.

Annar styrkleiki skólans er skólahúsnæðið sem er byggt á hugmyndafræði um opið og sveigjanlegt skólastarf. Þá er allur aðbúnaður fyrir nemendur og starfsfólk einnig til fyrirmyndar. Í haust var m.a. lokið við 2. áfanga skólans þar sem eru hátíða- og matsalur, eldhús, tónlistarmiðstöð (tónmenntastofa og fimm herbergi til hljóðfæranáms), íþróttamiðstöð (3 íþróttasalir og sundlaug) og tómstundaheimili. Aðstaða íþróttamiðstöðvar er einnig nýtt af nærsamfélaginu, s.s. eldri borgurum Garðabæjar við mikla ánægju nemenda sem hitta þar stundum ömmu sína og afa.

Á þeim fimm árum sem skólinn hefur starfað hefur skólastjórnendum og starfsfólki tekist að festa í sessi skipulag og starfshætti sem reynast skólanum vel. Þar hefur sjálfsmat skólans með viðhorfskönnunum og öflugum umbótastarfi hjálpað mikið og því mikilvægt að framhald verði þar á.

3.2 Veikleikar

Eins og oft vill vera eru helstu styrkleikar einnig helstu veikleikar. Í viðtölum við nemendur og í könnunum skólans kom fram að opna rýmið getur haft truflandi áhrif á nám ef ekki er nægilega gætt að nýtingu húsnæðis og umgengisháttum.

Annar veikleiki skólans er að sérsamningur við kennara hefur verið að breytast vegna niðurskurðar. Slíkt gæti haft neikvæð áhrif á öflugt og metnaðarfullt innra starf skólans til lengri tíma.

Sjálfsmat skólans hefur reynst honum vel við að festa í sessi skipulag og starfshætti og vinna að stöðugum umbótum. Helsti veikleiki sjálfsmatsins er að það er dálítið umfangsmikið. Óþarflega ítarlegar spurningar skapa hættu á að kannanirnar festist ekki í sessi til framtíðar.

4 Umbætur

Stór frávik:

Engin stór frávik fundust í úttekt á starfsemi Sjálandsskóla.

Frávik:

Sex frávik fundust í úttekt á starfsemi Sjálandsskóla.

Nr.	Krafa	Lýsing	Umbætur
1	Lög um grunnskóla. Nr. 91/2008 - 29. gr. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.	Starfsáætlun og skólanámskrá eru til staðar en eldri útgáfur þeirra eru á vef skólans og þær nýju því ekki eins aðgengilegar og hægt væri. (Sjá einnig athugasemd nr. 1.)	Skólinn uppfæri starfsáætlun og skólanámskrá á vef skólans.
2	Reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða. Nr. 657/2009 – 8. gr. Sveitarstjórn skal útbúa handbók fyrir starfsfólk grunnskóla með leiðbeinandi reglum um öryggi nemenda og slysavarnir í grunnskólum.	Handbók vantar.	Sveitarstjórn útbúi handbók fyrir starfsfólk grunnskóla með leiðbeinandi reglum um öryggi nemenda og slysavarnir í grunnskólum
3	Reglugerð um skólaráð við grunnskóla. Nr. 1157/2008 – 4. gr. Halda skal gerðabók um skólaráðsfundi og skulu fundargerðir liggja frammi í skólanum og á vef skóla.	Fundargerðir eru til staðar en ekki á vef skólans.	Skólaráð setji fundargerðir á vef skólans.
4	Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. 920/2006 – 18. gr. Öryggisnefnd skal halda gerðabók	Öryggisnefnd er starfandi en hefur ekki skráð fundargerðir.	Öryggisnefnd skrái fundargerðir sínar

5	Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. 920/2006 – 27. gr. Áhættumat skal vera skriflegt og taka til vinnuaðstæðna starfsmanna.	Skólinn er nýr og aðbúnaður eins og best verður á kosið en skriflegt áhættumat hefur ekki verið gert.	Skólinn geri skriflegt áhættumat.
6	Reglugerð um öryggi leikvalla-tækja og leiksvæða og eftirlit með þeim. 942/2002 – 3. gr. <i>Aðalskoðun</i> er skoðun með að hámarki 12 mánaða millibili.	Við skólann eru nýleg leiktæki og leiksvæði en aðalskoðun leiksvæðis hefur ekki farið fram.	Skólinn láti framkvæma aðalskoðun leikvallatækja og leiksvæða.
7	Lög um grunnskóla. nr. 91/2008 - 37. gr. <i>Ytra mat sveitarfélaga.</i> Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólstarfs.	Eftirlit hefur farið fram af hálfu skólanefndar sveitarfélagsins en ekkert formlegt mat á skólanum hefur verið framkvæmt.	Sveitarfélagið framkvæmi formlegt mat á skólastarfinu. (Skólastefnu sveitarfélagsins.)

Athugasemdir:

Þrjár athugasemdir fundust í úttekt á starfsemi Sjálandsskóla.

Nr.	lýsing	Umbætur
1	Mörg gögn, s.s. skjöl og upplýsingar á heimasíðu skólans, höfðu enga útgáfudagsetningu. Slíkt getur valdið því að þeir sem nota skjölin og/eða upplýsingarnar séu ekki með nýjustu útgáfu þeirra. Sjá gagnalista (fylgiskjal 1)	Setja útgáfudagsetningar í mikilvæg skjöl og á allar upplýsingar sem settar eru á heimasíðu. Slíkt ætti að draga úr möguleikum á því að stuðst sé við úreltar útgáfur. Auk þess ætti slík útgáfustýring að hjálpa stjórnendum og starfsfólki að hafa yfirsýn yfir hvenær skjal eða upplýsingar voru síðast uppfærðar.
2	Í viðtölum við foreldra kom fram að ekki sé nægilega tryggt að sjónarmið beggja foreldra komi fram í niðurstöðum kannana á vegum skólans þegar meta á skólastarfið þar sem aðeins annað foreldrið svarar könnunum.	Bæta aðferðafræði við framkvæmd kannana í sjálfsmati skólans til að tryggja betur að sjónarmið beggja foreldra komi fram. Ein leið væri t.d. að fara fram á við foreldra að þeir svari könnunum í sameiningu.

3	<p>Í viðtölum við nemendur kom fram að þeir fá að öllu jöfnu ekki kynningu á tilgangi kannana eða helstu niðurstöðum þeirra. Þetta eykur hættuna á því að nemendur svari ekki rétt eða geri sér ekki grein fyrir tilgangi og mikilvægi þessara kannana fyrir þróun samfélagsins.</p>	<p>Fræða nemendur um tilgang kannana (vísindaleg vinnubrögð) sem í grunninn byggja á góðu skipulagi, framkvæmd, mati á því hvernig til tókst og lærdóm (umbætur) sem hugsanlega er hægt er að draga af niðurstöðum slíkra kannana.</p>
---	--	--

Tækifæri

Fimm tækifæri fundust í úttekt á starfsemi Sjálandsskóla.

Nr	Lýsing
1	<p>Að láta nemendur sjá um skipulag og framkvæmd nemendakannana. Einnig að þeir sjái um úrvinnslu og mat á niðurstöðum úr könnunum. Niðurstöðurnar væru í formi skýrslu til skólastjórnenda með tillögur að umbótum. Slíkt félli vel að þemanálgun skólans og þyrftu nemendur einnig að kynna niðurstöður fyrir öðrum nemendum innan skólans slíkt gæti orðið fastur liður í sjálfsmati skólans og innlegg í umbótaáætlun hans (sjá einnig athugasemd 3).</p>
2	<p>Tækifæri eru til að einfalda framkvæmd sjálfsmats við skólann með því að bæta aðferðafræði skólans við sjálfsmat t.d. með því að fækka spurningum og hafa þær altækari í könnunum og einnig að dreifa betur ábyrgðinni á framkvæmd sjálfsmatsins (sjá einnig tækifæri 1).</p>
3	<p>Með því að gera lista yfir lykilskjöl skólans geta skólastjórnendur fengið betri yfirsýn yfir þau skjöl sem þar að útgáfustýra (sjá einnig athugasemd 1).</p>
4	<p>Í viðtölum við foreldra kom fram að „heimsókn í stað heimanáms“ gæti hugsanlega skilað mun meiri ánægju foreldra þar sem þeir fengu þá í slíkum heimsóknum innsýn í skipulag kennslu og kennsluhætti. Margir foreldrar hafa ekki kynnst þessu nýja skipulagi og nýjum kennsluháttum, s.s. þemanámi, í gegnum sína skólagöngu og því eru þessar aðferðir nýstárlegar í margra augum.</p>
5	<p>Skólastefna Garðabæjar er í endurskoðun. Við endurskoðun á henni sem og öðrum stefnum gæti það styrkt stefnurnar ef fram kemur hvernig staðið verður að mati á þeim og viðmið sett.</p>

Fylgiskjal 1 – Gagnalisti*

Heiti skjals:	Útgáfudagur
Skólanámskrá í vinnslu 2010	Engin dags.
Starfsáætlun Sjúlandsskóla-24.mars (Vistað sjálfvirkt)	Engin dags.
Skóladagatal (2009-2010)	Engin dags.
04_214_Sjúlandsskóli_2010	Engin dags.
04_284_TóstundaheimiliSjúlandsskóla_2010	Engin dags.
Nem_kest_Skólavísir2010_vinnuskjal_1	1.10.2009
Rekstur_almstfm_Skólavísir2010_vinnuskjal_1	1.10.2009
Samtals_Skólavísir2010_vinnuskjal_1	1.10.2009
Sjálfsmatsáætlun 2008-2012	Engin dags.
Móttökuáætlun Sjúlandsskóla	3.2.2010
Samræmdu prófin í Sjúlandsskóla 2009-haust	Haust 2009
Meðferð og ferli hegðunarfrávika í SjúlandsskólaB	1.12.2007
Skólareglur	Engin dags.
Umgengnisreglur	Engin dags.
Verklagsreglur um hegðun	Engin dags.
Áfallaáætlun	Engin dags.
Jafnréttisáætlun Sjúlandsskóla	Engin dags.
Símenntun kennara-2009 – 20010	Engin dags.
Símenntun-tafla 2009 – 20010	Engin dags.
Viðbrögð ef barn týnist í vettvangsferðum	Engin dags.
Viðbrögð gegn einelti	Engin dags.
Viðbragðsáætlun almannavarna – Sjúlandsskóli	11.8.2009
Rýmingaráætlun	Engin dags.
Heilsustefna Sjúlandsskóla	Engin dags.
Heilsustefna Sjúlandsskóla- (Starfsmanna)	Engin dags.
Lög nemendafélags Sjúlandsskóla2009	1.9.2009
Minnisblað vegna samkomulags	9.7.2008
Mat á markmiðum og ávinningi samkomulags HG	1.5.2008
Samkomulagið - mat úrbætur	Engin dags.
Minnislisti vegna vettvangsferða	Engin dags.
Reglur um meðferð slysa	Engin dags.
Skoðanakönnun v. samkomulags 2 2 '09	Engin dags.
Starfsreglur skólaráðs Sjúlandsskóla '09	1.2.2009
Strætóreglur	Engin dags.
Viðmið um ráðstöfun vinnutíma '09a	Engin dags.
Lög foreldrafélagsins	11.10.2005
Fundargerð 4. janúar 2010 (foreldrafélag)	4.1.2010
Marbendill hagnýtar upplýsingar skólaárið 2009-2010	Engin dags.
Ársskýrsla Sjúlandsskóla 2008 - 2009	jún.09
Samkomulag Sjúlandsskóla og Garðabæjar '09a	Óundirritað
Aðalfundur skólaráðs (foreldraráðs)	7.apr.08
Verkáætlun 2009-2010B	Engin dags.

*Þessi listi er yfir innsend gögn frá skólanum og er því ekki tæmandi þar sem sum gögn voru skoðuð á vettvangi.

5 Viðauki 1 - Gildandi lög og reglugerðir

Lög um grunnskóla. Nr. 91/2008

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynja. Nr. 10/2008

Reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða. Nr. 657/2009

Reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalóða. Nr. 658/2009

Reglugerð um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín. Nr. 897/2009

Reglugerð um skólaráð við grunnskóla. Nr. 1157/2008

Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. 920/2006

Reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim. 942/2002